




Héraðsskjalasafn
Árnesinga



ÁRSSKÝRSLA 2020
Héraðsskjalasafn Árnesinga

© Héraðsskjalasafn Árnesinga 2021

Ritstjórn: Þorsteinn Tryggvi Másson.

Umbrot: Þorsteinn Tryggvi Másson.

Prófarkalestur: Hannes Stefánsson.

Allar ljósmyndir eru teknar af starfsfólki héraðsskjalasafnsins nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd: Mjólkurbill Guðlaugs Magnússonar í Ölfusá. Bill Jóns I. Guðmundssonar lenti í aðalál árinna. Bæði Guðlaugur og Jón björguðust. Myndin er líklega tekin að morgni dags 6. september 1944 af Hermanni Jónssyni á myndavél Guðrúnar Önnu Odds-dóttur frá Vestmannaeyjum sem þá var búsett í Reykjavík. Hermann nágranni Guðrúnar fór austur þegar fréttist af slysinu og tók myndir á vél Guðrúnar fyrir hana.

Ljósmyndari: Hermann Jónsson. 2012/44 GO 00003. Lýður Geir Guðmundsson ljósmyndari litaði myndina.

ISSN 2298 - 1020

Yfirlit um starfsemi 2020

Árið 2020 var um margt sérstakt þegar horft er til starfsemi og reksturs Héraðsskjalasafns Árnesinga en áhrif Covid 19 heimsfaraldurs á innra og ytra starf héraðsskjalasafnsins voru nokkur. Stóru verkefni ársins tengdust fyrst og fremst eftirliti, ráðgjöf, eftirlitskönnun með skjalavörslu og skjalahaldi afhendingarskyldra aðila þar sem formlegt samstarf fimm héraðsskjalasafna skipti sköpum, nýskráningu og endurskráningu skjalasafna. Hlutverk héraðsskjalasafnsins sem persónuverndarfulltrúi sveitarfélaga var einnig nokkuð fyrirferðarmikið.

Þá voru mikilvæg skref stigin varðandi ljósmynda- og miðlunarvef héraðsskjalasafnsins og áframhaldandi þróun hans, þar sem áhersla er lögð á að gera notendur vefsins enn meira sjálfbjarga en áður, sem og að gefa notendum tækifæri til að taka þátt í skráningu á bæði skjölum og ljósmyndum. Nýir þematengdir skjalaflokkar voru settir á vefinn myndasetur.is sem og fjöldi skjalaskráa.

Kjarnastarfsemi héraðsskjalasafnsins hverfðist eins og undanfarin ár um móttöku og skráningu skjala, aðgengi að skjölum, hvort heldur það er á lestrarsal eða á vef, afgreiðslu fyrirspurna og erinda, ráðgjöf og eftirlit auk miðlunar á safnkosti.

Stjórn og starfsfólk

Stjórn héraðsskjalasafnsins er skipuð af Héraðsnefnd Árnesinga bs. Í stjórninni sitja Kjartan Björnsson formaður, Sveitarfélaginu Árborg, Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélaginu Ölfusi og Valgerður Sævarsdóttir, Bláskógabyggð.

Stöðugildi við héraðsskjalasafnið voru tæplega fjögur. Héraðsskjalavörður og skjalaverðir voru Þorsteinn Tryggvi Másson, Guðmunda Ólafsdóttir, Edda Linn Rise og F. Elli Hafliðason. Starfsfólk í miðlunar- og skráningarverkefnum voru Katrín Rut Sigurgeirsdóttir og Sunneva Þorsteinsdóttir.



Ingí Heiðmar Jónsson fræðimaður og organisti slær inn kveðskap á Öðfræðivefinn Braga.

Starfsemi og aðbúnaður

Starfsemi héraðsskjalasafnsins árið 2020 var að mestu með hefðbundnu sniði. Héraðsskjalasafnið starfar í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 og þá hefur fjöldi annarra laga og reglna bein áhrif á rekstur og starfsemi þess. Í meginráttum er starfsemin fjórþætt, þ.e. viðtaka skjala afhendingarskyldra aðila og einkaaðila, skráning og aðgengi að skjölum, eftirlit og ráðgjöf með skjalavörslu afhendingarskyldra aðila og miðlun og rannsóknir á safnkosti. Héraðsskjalasafnið er stjórnsýslustofnun, en um leið þjónustu- og menningarstofnun, með ábyrgðarmikið hlutverk þegar horft er til réttinda íbúa eða rekjanleika og gagnsæis þegar kemur að stjórnvaldsákvörðunum. Það er mikilvægt að sveitarfélögin, stofnanir þeirra sem og almenningur geti með auðveldum hætti nýtt sér þjónustu héraðsskjalasafnsins. Rekstur þess er mikilvægur hluti af þeirri þjónustu sem sveitarfélögin í sameiningu veita íbúum í héraði. Miðlun á safnkosti og skjalaskrá á vefsíðu héraðsskjalasafnsins myndasetur.is er vegna þessa æ mikilvægari þáttur þegar horft er til kjarnastarfsemi héraðsskjalasafnsins og með markvissri miðlun skjala verða notendur meira sjálfbjarga en áður þegar kemur að leit og notkun skjala.

Héraðsskjalasafn Árnesinga, Héraðsskjalasafn Akraness, Héraðsskjalasafn Kópavogs, Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar og Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu undirrituðu samstarfssamning sín á milli 6. mars 2019, en starfsfólk þessara héraðsskjalasafna hafði þá unnið sameiginlega að ýmsum verkefnum tengdum lögum um persónuvernd og áhrif þeirrar lagasetningar á starfsemi héraðsskjalasafna sem vörslustofnana persónuupplýsinga.

Eitt af meginmarkmiðum samstarfssamningsins var að skapa grundvöll fyrir enn frekari samvinnu og auka fagþekkingu starfsfólks. Í ljósi þess að héraðsskjalasöfnin eru fámennir vinnustaðir er samstarf af þessu tagi mikilvægt. Það tryggir fagmennsku og styrkir mannauð, sem aftur nýtist vel sveitarfélögunum sem eiga og reka skjalasöfnin þegar kemur að skjalahaldi og skjalavörslu. Þá er einnig horft til eftirlits- og ráðgjafahlutverks héraðsskjalasafnanna gagnvart stofnunum sveitarfélaga og unnu starfsmenn þessara héraðsskjalasafna í sameiningu að gerð gátlista og raf-rænnar eftirlitskönnunar. Fyrir bragðið standa þessi héraðsskjalasöfn sterkar að vígi en áður, þegar kemur að því að leysa ýmis álitamál tengd skjalavörslu, úrvinnslu upplýsinga frá afhendingarskyldum aðilum, gerð áhættu- og kostnaðarmats o.fl. Allt þættir sem styðja við kjarnastarfsemi héraðsskjalasafnanna.

Persónuvernd og persónuverndarfulltrúi

Héraðsskjalasafnið tók að sér hlutverk persónuverndarfulltrúa fyrir tvö sveitarfélög á árinu, þ.e. Grímsnes- og Grafningshrepp og Hrunamannahrepp og stofnanir þessara sveitarfélaga. Þetta nýja hlutverk er sóknarfæri fyrir safnið, en hugmyndin er að fjölga fastráðnum starfsmönnum samhliða þeim verkefnum sem detta inn á borð persónuverndarfulltrúa. Sérfræðiþekking á sviði persónuverndar verður nú til í héraði og nýttist sveitarfélögunum á sama tíma vegna verkefna sem tengjast eftirlits- og ráðgjafahlutverki héraðsskjalasafnsins. Hægt er að horfa til skjalahalds og skjalavörslu á sveitarstjórnartiginu með heildstæðari hætti en áður, og ljóst er að þetta nýja hlutverk mun einnig nýtast við gerð og endurskoðun skjalavistunaráætlana hjá stofnunum sveitarfélaga. Héraðsskjalasafnið mun taka að sér hlutverk persónuverndarfulltrúa fyrir fleiri sveitarfélög og stofnanir á næsta ári.


Fyrirspurnir og erindi - notkun á safnkosti

Allt frá árinu 2009 hafa upplýsingar um fyrirspurnir og erindi, lán á lestrarsal, önnur not á safnkosti, fjölda og stærð afhendinga o.fl. verið teknar saman. Tilgangur þessarar samantektar er í meginatriðum tvíþættur, þ.e. að tryggja að fyrirspurnum og erindum sé svarað í samræmi við góða stjórnsýsluhætti, en um leið nýtast þessar upplýsingar til þess að taka betur utan um vissa grunnþætti í starfsemi, s.s. stöðu á skjalaskráningu, öryggisafritun skjala, miðlun skjala á vef o.s.frv. Þessar upplýsingar eru mikilvægt vegfesti við mótun framtíðarstefnu skjalasafnsins hverju sinni.

Fyrirspurnir og erindi þ.m.t. lán á lestrarsal hafa aldrei verið fleiri en árið 2020, þ.e. 1179 sem er 37% aukning frá fyrra ári. Sveitarfélög og stofnanir þeirra hafa aldrei nýtt sér þjónustu safnsins eða safnkost þess í jafn ríkum mæli og fjölgaði fyrirspurnum og erindum frá opinberum aðilum um 43%, úr 172 í 250. Sveitarfélögin nýta sér þekkingu starfsmanna og safnkostinn alla virka daga ársins. Ef horft er til notkunar sveitarfélaga á safnkostinum og þeirrar þjónustu sem starfsmenn skjalasafnsins veita sveitarfélögunum, er ljóst að hlutverk skjalasafnsins innan stjórnsýslunnar, í rekstri og þjónustu stofnana við íbúa og aðrar stofnanir verður æ viðameira.

Um 26% fyrirspurna og erinda komu frá sveitarfélögum og stofnunum þeirra. Fyrirspurnir og erindi frá einstaklingum, hópum, félögum og fyrirtækjum voru 929, afhendingar 73. Aldrei hafa jafn margar öskjur verið lánaðar á lestrarsal og aldrei hafa starfsmenn nýtt jafn stóran hluta safnkostsins vegna fyrirspurna og erinda. Fyrirspurnir og erindi sem kölluðu á beina afgreiðslu voru 494, erindi eða heimsóknir vegna ljósmyndaskráningar voru 205 og ábendingar á ljósmyndavef 578. Þá nýttu gestir sér einnig prestsþjónustubækur og sóknarmannatöl sem finna má á filmum á lestrarsal.

Sundurliðun fyrirspurna og erinda



Fyrirspurnum og erindum var svarað jafnóðum á vinnutíma starfsfólks. Skjalasafnið, eins og aðrar menningarstofnanir, var lokað vegna nokkrar vikur vegna fyrirmæla sóttvarnaryfirvalda og fyrir bragðið var fyrirspurnum og erindum í ríkara mæli en áður svarað gegnum síma og í tölvupóstum auk þess sem safnkostur á vef nýttist vel.


Eins og undanfarin ár voru skjalaöskjur keyptar frá KLUG Conservation í Þýskalandi í samvinnu við Héraðsskjalasafnið í Kópavogi og öðrum héraðsskjalasöfnum gefinn kostur á að taka þátt.

Viðtaka og varðveisla

Afhendingar á árinu 2020 voru 73. Fjöldi afhendinga hefur ekki tekið miklum breytingum á undanförunum árum en að jafnaði hefur fjöldi afhendinga á síðustu 10 árum verið um 89. Heimsfaraldur og lokun héraðsskjalasafnsins af þeim sökum hafði vissulega áhrif á fjölda afhendinga, en húsnæðismál héraðsskjalasafnsins settu líka strik í reikninginn. Árið 2020 voru afhentir alls 40,43 hillumetrar. Í upphafi árs voru skjöl í fjargeymslu sett á vörubretti og nokkurt magn skjala flutt úr geymslum héraðsskjalasafnsins í ráðhúsinu við Austurveg í fjargeymslu safnsins. Þannig tókst að tryggja að héraðsskjalasafnið gæti á árinu tekið við skjölum sem því bárust, bæði afhendingum sveitarfélaga sem og einstaklinga, félaga og fyrirtækja. Í áætlunum héraðsskjalasafnsins er gert ráð fyrir því að fjöldi afhendinga næstu árin verði á bilinu 40-50 metrar að jafnaði og þær sviðsmyndir sem settar hafa verið fram sýna að heildarsafnkostur þess verði nálægt 3.000 hillumetrum en líklega nær 3.500 hillumetrum árið 2050. Hafa ber í huga að magn skjala og fjöldi íbúa á starfssvæði héraðsskjalasafnsins haldast í hendur og þær tölur sem settar hafa verið fram gætu því verið varlega áætlaðar.

Frá 2010-2020 var tekið á móti 652,64 hillumetrum eða 59,33 hillumetrum á ári að jafnaði. Á árunum 2001-2009 voru að jafnaði afhentir 33,47 hillumetrar, en afhending á skjölum Kaupfélags Árnesinga árið 2003, 70 hillumetrar, skekkir þá tölu mikið. Ef horft er fram hjá afhendingu skjala kaupfélagsins voru að jafnaði afhentir 25,69 hillumetrar á þessu tímabili.

Afhentir hillumetrar 2016 - 2020




Árið 2020 afhentu afhendingarskyldir aðilar 33,21 hillumetra en einkaskjalasöfn voru 7,22 hillumetrar, samtals 40,43 hillumetrar. Covid19 heimsfaraldur réð nokkru um fjölda afhendinga og fjölda hillumetra sem héraðsskjalasafninu bárust. Árin 2019 og 2020 var þess farið á leit við nokkra skjalamyndara að þeir varðveittu áfram skjöl sín á meðan að framtíðarlausn í húsnæðismálum héraðsskjalasafnsins yrði fundin. Skráningu afhendinga sem bárust var sinnt jafnóðum en nokkur hluti þessara afhendinga verður skráður árið 2021. Verkefnastaða ræður nokkru þar um og sú vinnuregla að bíða með skráningu afhendinga ef afhendingaraðili afhendir skjöl innan almanaksársins.

Skjalaskráning

Skjalaskráning fylgir stöðlum alþjóða skjalaráðsins ICA, þ.e. ISAD-G og ISAAR auk ISDIAH, sem Þjóðskjalasafn Íslands notar sem viðmið við skráningu skjala. Staðlarnir taka til fjölmargra þátta skjalaskráningar, upplýsinga um skjalamyndara sem og upplýsinga um vörslustofnunina, þ.e. héraðsskjalasafnið sjálft. Skjalaskrár og greinargerðir eru aðgengilegar á lestrarsal og vef. Búið er að skrá nær allar afhendingar frá 2001-2020 samkvæmt stöðlum, alls 1599 afhendingar, auk 94 afhendinga sem eru með aðfanganúmer 1010-1020, en þær höfðu ekki verið skráðar í aðfangabók og ekki ljóst hvenær þær bárust. Afhendingar með aðfanganúmer 2001-2020 eru alls 953,91 hillumetrar, afhendingar með aðfanganúmer 1010-1020 eru 17,09 hillumetrar, samtals eru þetta 970 hillumetrar sem búið er að skrá skv. ISAD-G að stærstum hluta. Alls eru þetta 1693 aðfanganúmer, fjöldi opinberra afhendinga er 558 en fjöldi einkaskjalasafna er 1135. Einkaskjalasöfnum er skipt niður í einkafyrirtæki (91 aðfanganúmer), einstaklinga (532 aðfanganúmer), félög/samtök (445 aðfanganúmer) og fjölskyldur (67 aðfanganúmer). Opinber söfn eru 32% en einkaskjalasöfn 68%. Ef horft er á hillumetra snýst þetta við, opinber skjöl eru 572,93 hillumetrar eða 59% en einkaskjalasöfn 41%.

Fjöldi afhendinga 2016-2020




F. Elli Hafliðason skjalavörður endurskráir skjöl frá Eyrarbakka.



Samhliða skjalaskráningu og endurskráningu er aðfangabókin uppfærð. Aðfangabókin er lykillinn að skjalaskrá og veitir yfirsýn yfir safnkostinn. Endurskráning skjala fylgir kröfum sem settar eru fram í ISAD-G staðlinum og er hluti af kjarnastarfsemi héraðsskjalasafnsins. Á árinu var ráðist í endurskráningu á afhendingum frá árunum 2001 og 2002 auk þess sem nokkrar afhendingar frá fyrstu árum skjalasafnsins voru endurskráðar en sú endurskráning tengdist mikilli notkun á þessum afhendingum vegna fyrirspurna sem og vegna sérverkefna sem starfsmenn unnu að.

Skráning og endurskráning er eitt af kjarnaverkefnum héraðsskjalasafnsins og mikilvægt að vanda til verka til að leitarbærni verði eins og best verður á kosið. Vinna við endurskráningu ræðst af stöðu annarra verkefna hverju sinni og mikilvægt að geta stjórnað framvindu þessara verkefna í samræmi við fjárheimildir og notkun á safnkosti.

Fjöldi hillumetra skráður skv. ISAD-G



Nú er hægt að nálgast skjalaskrár fyrir árin 2001-2020 á vef héraðsskjalasafnsins auk þess sem þar er að finna nokkurn hluta af elstu afhendingunum í vörslu héraðsskjalasafnsins. Þessar afhendingar hafa allar verið skráðar í samræmi við ISAD-G. Þá er búið að tengja saman enn fleiri skjalaskrár og ljósmyndir af safnkosti en áður þar sem notendur geta farið á milli skjalaskráa og ljósmynda af skjölum sem eru aðgengileg á miðlunarfélögum skjalasafnsins. Vaxandi fjöldi notenda nýtir sér nú vefinn og þá nýttist hann starfsfólki einkar vel við að svara fyrirspurnum og erindum. Notendur safnkostsins eru af þessum sökum enn meira sjálfbjarga en áður, þrátt fyrir að þeir séu um margt enn háðir þekkingu starfsfólks á innihaldi skjalasafna, innra samhengi milli afhendinga, uppbyggingu stjórnsýslunnar gegnum tíðina o.s.frv. Þessi áunna þekking starfsfólks skiptir miklu þegar kemur að leit í safnkostinum. Þetta á ekki síst við þegar horft er til fyrirspurna frá stofnunum sveitarfélaga.

Samstarfsverkefni Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita frá 2018 var fram haldið. Þetta verkefni var unnið af Guðmundu Ólafsdóttur sem skannaði inn allar teikningar. Þær eru svo skráðar ásamt fylgigögnum. Afhendingin er 9,2 hillumetrar og fjöldi arka 1321. Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita fékk afhent rafrænt afrit af öllum teikningum og getur embættið afhent þessi skjöl á rafrænu formi. Enn er nokkuð magn eftir af teikningum og var samið um áframhald verkefnisins til þriggja ára. Miklu skiptir að skjöl skipulags- og byggingafultrúa séu vel skráð og aðgengi að þeim tryggt, gildir einu hvort það er hjá embættunum eða eftir að skjölin eru komin í vörslu héraðsskjalasafnsins. Á undanförmum árum hefur héraðsskjalasafnið tekið á móti skjölum Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita og skjölum skipulags- og byggingafultrúa Sveitarfélagsins Árborgar. Frumskjölin eru í vörslu héraðsskjalasafnsins, en embættin afgreiða skjölin rafrænt gegnum landupplýsingavefi eða með öðrum hætti. Þá sá F. Elli Hafliðason um skráningu á skjölum frá Lögreglunni á Suðurlandi fyrir lögregluna en þessi skjöl voru síðan afhent á Þjóðskjalasafn Íslands. Starfsfólk héraðsskjalasafnsins hefur með verkefnum eins og þessum áunnið sér traust og ljóst að vinna starfsfólks er unnin af mikilli fagmennsku.

Rafræn skjalavarsla

Langtímavarsla rafrænna skjala afhendingarskyldra aðila var til umfjöllunar á árinu, ýmist að frumkvæði starfsfólks sveitarfélaga eða starfsfólks héraðsskjalasafnsins. Sjónum var sérstaklega beint að gerð verkferla og því regluverki sem hinir afhendingarskyldu aðilar þurfa að uppfylla, kostnað við kaup og rekstur tölvukerfa og gerð vörsluútgáfa en effitt er að henda reiður á hver sá kostnaður gæti orðið.

Nýjar reglur um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum nr. 877/2020 tóku gildi 1. október og leystu af hólmi reglur um tilkynningu rafrænna skjalavörslukerfa afhendingarskyldra aðila nr. 624/2010 og reglur um tilkynningu rafrænna skráa og gagnagrunna afhendingarskyldra aðila nr. 625/2010. Leggja þarf áherslu á að afhendingarskyldir aðilar tilkynni þau kerfi sem þeir nota burtséð frá því hvort afhending skjala úr þessum kerfum verði á pappír eða rafrænu formi. Í þessu sambandi þarf að horfa til reglna um afhendingu á vörsluútgáfum úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila nr. 100/2014, en afhendingarskyldum aðilum er skylt að veita aðgang að gögnum sem afhent hafa verið í vörsluútgáfu í 30 ár. Hvatinn að skila rafrænum vörsluútgáfum er því lítill sem enginn á sama tíma og þær kröfur sem settar eru á skjalamyndara eru miklar þegar horft er til viðhalds og varðveislu rafrænna skjala.

Eigi skjalavörsluábyrgð að flytjast frá afhendingarskyldum aðilum hér í héraði og til héraðsskjalasafnsins þurfa þessir aðilar því að afhenda skjöl sín á pappír.

Eftirlit og ráðgjöf


Kveðið er á um eftirlitsskyldu opinberra skjalasafna með afhendingarskyldum aðilum í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Héraðsskjalasöfnin hafa eftirlit með sveitarfélögnum og stofnunum þeirra í sínu umdæmi. Aðkoma héraðsskjalasafnsins, þ.e. ráðgjafarhlutverk þess og eftirlit með afhendingarskyldum aðilum hefur vaxið jafnt og þétt á undanförmum árum og hefur fjöldi fyrirspurna og erinda vegna þessa aldrei verið meiri en árið 2020. Hér er bæði horft til ráðgjafar og aðkomu starfsfólks að gerð skjalavistunaráætlana og málalykla auk samstarfsverkefna sem tengjast undirbúningi og stöðumati á rafrænni skjalavörslu, tilkynningum og innleiðingu vegna notkunar rafrænna gagnasafna og skila á skjölum úr þessum gagnasöfnum. Sú sérfræðipækking sem er fyrir hendi á héraðsskjalasafninu og hjá starfsfólki þeirra skjalasafna sem nú eru í formlegu samstarfi mun nýtast vel við þessa vinnu.

Fyrirspurnir og erindi sveitarfélaga og stofnana sveitarfélaga voru 247 á árinu en 172 árið 2019 sem er sambærilegt við fjölda fyrirspurna og erinda árána þar á undan. Fyrirspurnir vegna eftirlits og ráðgjafar voru 106 en 45 árið 2019. Ljóst er að sveitarfélögin nýta sér þjónustu og starfskrafta héraðsskjalasafnsins í æ ríkara mæli en áður og mikilvægt að þekking starfsfólks á stjórnsýslu og safnkosti héraðsskjalasafnsins sé til staðar heima í héraði. Þannig skapast ákveðin samfella í þeirri þjónustu sem sveitarfélögin og stofnanir þeirra veita.

Rafræn eftirlitskönnun

Í nóvember var rafræn eftirlitskönnun send á 72 afhendingarskylda aðila innan sýslunnar. 44 svörðuðu könnuninni og var svarhlutfallið 61% sem er sama hlutfall og í könnun sem send var út árið 2017 en nokkru herra en í könnun frá 2016. Ætlunin er að afhendingarskyldir aðilar fái og svari eftirlitskönnun um skjalavörslu og skjalahald á fjögurra ára fresti til að tryggja ákveðna samfella þegar horft er til þekkingar og yfirsýnar yfir skjalahald og skjalavörslu stofnana. Mikilvægt er að sú þekking sem byggst hefur upp innan hvernar stofnunar tapist ekki með mannabreytingum og reglulegt eftirlit héraðsskjalasafnsins styður við þá þekkingu sem er til staðar hjá hinum afhendingarskyldum aðilum.

Hlutfall svara



Huga þarf betur að útfærslu og framkvæmd eftirlits, þ.e. bæði rafrænna kannana og eftirlitsheimsókna. Skerpa þarf á valdmörkum og tryggja að eftirlit eigi sér lagastoð. Þær spurningar sem settar voru fram í þessari eftirlitskönnun eiga sér allar stoð í lögum eða regluverki um skjalavörslu sveitarfélaga. Opinber skjalasöfn geta ekki gert sér né afhendingarskyldum aðilum upp skyldur og á sama tíma þarf að tryggja að skjalasöfnin geti sinnt þessu eftirliti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afhendingarskyldir aðilar eiga að svara könnunum opinberra skjalasafna. Tryggja þarf faglega nálgun á eftirlitshlutverkið, bæði á gerð spurningalista, fyrirkomulag eftirlits, gerð skýrsla og eftirfylgni.

Unnið verður úr niðurstöðum könnunarinnar á fyrsta ársfjórðungi 2021 og niðurstöðurnar kynntar fyrir forstöðumönnum stofnana og kjörnum fulltrúum á árinu. Mikilvægt er að könnunin gagnist sveitarfélögum sjálfum og að niðurstöður hennar séu í raun hvati til þess að bæta enn frekar skjalahald og skjalavörslu á sveitarstjórnarstiginu. Mikilvægt er að gæta trúnaðar gagnvart forstöðumönnum hvað varðar niðurstöður um stöðu mála hjá einstökum stofnunum. Bætt skjalavarsla er samvinnuverkefni og horfa þarf til þess að forstöðumenn fái nauðsynlegan stuðning, bæði faglega og fjárhagslega til að tryggja að skjalavarsla sé í samræmi við lög.

Málalyklar og skjalavistunaráætlanir

Aldrei hafa fleiri stofnanir unnið með samþykktu málalykla og skjalavistunaráætlanir, 18 málalyklar og 16 skjalavistunaráætlanir voru í gildi árið 2020. Sumar stofnanir hafa nú í þrígang endurnýjað málalykla og skjalavistunaráætlanir en á öðrum stöðum er þessi vinna að hefjast. Þá hefur starfsfólk komið að gerð nokkurra málalykla og skjalavistunaráætla sem enn eru í vinnslu. Sé tekið mið af fjölda afhendingarskyldra aðila er þetta hlutfall hærra en sett var fram í verkáætlun árið 2019, þ.e. um 25% afhendingarskyldra aðila uppfylla þegar þær kröfur sem settar eru fram um málalykla (nr. 572/2015) og skjalavistunaráætlanir (nr. 571/2015). Þá uppfylla fjölmargar stofnanir sveitarfélaga í umdæmi héraðsskjalasafnsins ymsar aðrar reglur um skjalavörslu sveitarfélaga. Nú er horft til þess að hlutfall stofnana sem uppfylla regluverk um skjalavörslu sveitarfélaga verði milli 40%-50% í árslok 2025. Samvinna starfsfólks, fjármagn, tími og fyrirhugaðir flutningar héraðsskjalasafnsins ráða miklu um framhaldið, ekki síður en stuðningur starfsfólks og stjórnenda og kjörinna fulltrúa sveitarfélaga. Skipuleg skráning og utunumhald um skjöl stofnana, óháð áritunarformi skjala, bætur og einfaldar stjórnsýslu á sama tíma og hún verður ódýrari og hagkvæmari fyrir bæði sveitarfélög og íbúa svo það er til mikils að vinna.

25% stofnana með málalykla og skjalavistunaráætlanir

Húsnæðismál

Húsnæðismál voru mikið til umræðu bæði hjá stjórn, starfsfólki og á fundum Héraðsnefndar Árnesinga bs. Rýmisáætlun sem unnin var árið 2017 og endurskoðuð árið 2019, var endurskoðuð á árinu og Efla verkfræðistofa fengin til að fara yfir þá áætlun. Ný rýmisáætlun, rýmisgreining, gerir ráð fyrir um 700-750m² að brúttóflatarmáli. Þá var horft sérstaklega til fermetrafjölda í skjalageymslum og lofthæðar m.t.t. þeirra sviðsmynda sem settar hafa verið fram um aukningu á safnkostinum fram til ársins 2050. Fjöldi hillumetra í 300m² skjalageymslum getur verið allt frá 2500 og upp í 3800 hillumetrar, allt eftir því hver lofthæð í geymslunum er, þ.e. frá 2,5 og upp í 3,5 metra. Hér er horft til þess að skjalageymslur geti tekið við skjölum afhendingarskylda aðila og einkaskjalasöfnum næstu 25-30 árin. Húsnæði þarf að tryggja að héraðsskjalasafnið geti sinnt stjórnsýslu-, menningar-, og þjónustuhlutverki sínu eins og verið hefur, um leið og safnið nýtist sveitarfélögum og íbúum eins vel og kostur er.

Hafa ber í huga að kostnaður vegna skjalahalds og skjalavörslu sveitarfélaga verður ávallt greiddur af sveitarfélögum sjálfum sbr. lög um opinber skjalasöfn og greinargerð sem fylgdi með frumvarpinu á sínum tíma. Þau sveitarfélög eða byggðasamlög sem eiga og reka héraðsskjalasöfn sjá þannig alfarið um rekstur þeirra á meðan þau sveitarfélög sem eru afhendingarskyld á Þjóðskjalasafn Íslands þurfa að greiða fyrir vörslu skjalanna og annað utunumhald til Þjóðskjalasafns samkvæmt gjaldskrá.

Skjalageymslur í ráðhúsi eru nærri fullar og það krefst sífellt meiri útsjónarsemi að taka á móti þeim afhendingum sem berast. Hafa ber í huga að héraðsskjalasafnið hefur verið til húsa að Austurvegi 2 í rétt tæp 30 ár. Á þessum tíma hefur safnkosturinn margfaldast og það sama má segja um fjölda fyrirspurna og erinda. Íbúafjöldi í sýslunni hefur meira en tvöfaldast og það magn skjala sem verður til hjá sveitarfélögum endurspeglar þá staðreynd og þá viðamiklu þjónustu sem sveitarfélögin veita íbúum sínum. Nokkrum tíma var varið í endurskipulagningu á skjalageymslum safnsins til að tryggja að hægt væri að taka við þeim afhendingum sem bást og eru skjöl nú m.a. geymd á vörubrettum tímabundið. Rætt hefur verið við forstöðumann Byggðasafns Árnesinga og mun byggðasafnið skjóta skjólshúsi yfir nokkurt magn skjala á næsta ári og þar til varanleg lausn hefur fundist á húsnæðismálum héraðsskjalasafnsins.

Salurinn í skjalageymslu í Háheiði.





Pöntunarseðlar frá Lefolii versluninni á Eyrarbakka.

Miðlun og rannsóknir

Miðlun á safnkosti er sívaxandi hluti af starfsemi skjalasafnsins, en í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2017 er kveðið á um miðlun á mikilvægum skjölum s.s. á vef og veita þannig fræðslu um sögu þjóðarinnar og byggðarlaga með útgangspunkt í safnkosti sínum. Frá árinu 2013 hefur myndasetur.is gegnt þessu hlutverki og styrkt ímynd héraðsskjalasafnsins út á við. Þar er að finna margvíslegar upplýsingar um starfsemi og tilgang skjalasafnsins, en hryggjarstykki vefsíðunnar er miðlunarvefurinn sem er þrískiptur, þ.e. ljósmyndavefur, miðlun skjala og skjalaskráa.

Vefurinn er fyrir löngu orðinn almenningseign þrátt fyrir að litlu hafi verið til kostað við kynningu á honum, hann auglýsir sig sjálfur. Við afgangspunkti fyrirspurna og erinda er oft vísað beint á vefinn, t.d. vegna ljósmynda, skjala sem þar er að finna og við leit í skjalaskrá. Fjöldmargir hópar á samfélagsmiðlum nýta sér vef skjalasafnsins og nota ljósmyndir og annan safnkost sem þar er að finna í tengslum við kynningar og eða auglýsingar á viðburðum eða bara til að skemmta sér og öðrum. Í sumum tilfellum hafa ábendingar einstaklinga á samfélagsmiðlum ratað til starfsfólks í tölvupóstum eða með einkaskilaboðum og skráning á t.d. ljósmyndum þá batnað eða verið leiðrétt.

Leiðarstef við hönnun á vefnum hefur frá byrjun verið einfaldleiki og yfirsýn. Notendur eiga að geta fundið það sem þeir leita að með fáum handtökum, gildir einu hvað það er. Ljósmynda-, miðlunar- og skjalaskrárvefurinn eru byggðir upp með svipuðu sniði og notendur geta alltaf náð í frekari lýsigögn gerist þess þörf.

Ljósmyndir og ljósmyndaskráning

Ljósmyndaafhendingar berast jöfnum höndum, ýmist sem hluti af stærri afhendingum eða sem sérstakar afhendingar. Unnið er að skönnun og skráningu á ljósmyndum á sama hátt og öðrum skjölum og leitast við að miðla ljósmyndum eins og kostur er á vef. Nú er búið að skanna 142.052 ljósmyndir, en 118.099 ljósmyndir eru aðgengilegar á vefnum myndasetur.is. Skönnun, skráning og ítarskráning ljósmynda er óaðskiljanlegur hluti af kjarnastarfsemi héraðsskjalasafnsins. Farið er yfir ábendingar frá notendum vikulega og leiðréttingar rata jafnóðum út á vef, en ábendingarflipi hefur nýst einstaklega vel þegar kemur að því að nafngreina fólk á ljósmyndum, greina frá viðburðum og greina landslag og bæi svo dæmi séu tekin. Þessi vinna sjálfboðaliða er ómetanleg og bætir gæði þeirra upplýsinga sem síðan eru gerðar aðgengilegar almenningi. Samhliða því að farið er yfir ábendingar leitast starfsfólk við að bæta skráningu ljósmynda eins og kostur er, myndatextar eru prófarkalesnir og reynt eins og kostur er að bæta við upplýsingum sem geta komið að gagni.

57.906
ljósmyndir af
skjölum eru á
miðlunarvef

Ferðalangar í vandræðum. 2020/55
HB 00018.



Eins og undanfarin ár skráði og endurskráði Tómas Jónsson ljósmyndir, en hann hefur allt frá árinu 2011 unnið í sjálfboðaliðavinnu við skráningu ljósmynda í fjölda afhendinga. Þessi vinna Tómasar er ómetanleg og hana ber að þakka. Fjöldmargir velunnarar skjalasafnsins litu við og bættu við upplýsingum um einstaklinga, staði og viðburði.

Greiningarfundir voru haldnir í upphafi árs á Hvolsvelli þar sem gestir aðstoðuðu við greiningu á ljósmyndum Ottós Eyfjörð. Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkti þessa fundi. Aðstoð almennings er mikilvæg, gildir einu hvort það sé á greiningarfundum eða gegnum ábendingavef héraðsskjalasafnsins. Þetta samtal og þessi samvinna milli íbúa og starfsmanna skiptir miklu máli og er ómetanlegur menningarauki heima í héraði.

Miðlun skjala á vef

Héraðsskjalasafnið hefur frá árinu 2016 miðlað sérvöldum hluta af safnkostinum á vef. Alls eru þetta 57.906 ljósmyndir af gjörðabókum sveitarfélaga, hreppstjóra, sýslunefndar, skjölum kvenfélaga, ungmennafélaga og brunavirðingar svo dæmi séu tekin. Sú veflausn sem er notuð er hönnuð af Ágústi Inga Kjartanssyni og Þorsteini Tryggva og er hún notuð á nokkrum héraðsskjalasöfnum, en ljósmyndavefurinn er notaður víðar. Vefviðmótið er í stöðugri þróun til að tryggja að leitarbærni, útlit, framsetning og hraði á vef standist þær kröfur sem notendur og starfsfólk setur og þá er horft til þróunar og breytinga á vöfrum eins og google og stórra gagnagrunna hinna ýmsu stofnana bæði hérlandis og erlendis.

Um mitt ár var settur á vefinn sérstakur skjalaflokkur sem tengist sögu Eyrarbakka sem hluti af þematengdri skiptingu á heimildum en þar er að finna skjöl sem tengjast sérstaklega verslunarrekstri og félagsstarfi á Bakkanum. Ætlunin er að bæta um betur á næstu árum og vonandi mun þessi framsetning á safnkostinum mælast vel fyrir. Þá voru möguleikar á því að setja inn hljóðskrár og kvikmyndir skoðaðir.

Í lok árs var hópsskráning (e. crowdsourcing) viðmóti bætt við miðlunarvefinn og geta notendur nú slegið inn texta af þeim skjölum sem birtast. Bækurnar verða fyrir bragðið leitarbærar í orðaleit. Ráðist hefur verið í samskonar verkefni víða um heim en þetta er líklega í fyrsta skipti sem það er gert hér á landi en verkefnið var stutt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Þarna er notendum safnsins og áhugafólki gert kleift að slá inn texta sem starfsfólk fer síðan yfir og í framhaldinu er textinn birtur á vef samhliða ljósmynd af upprunalega textanum. Þetta verkefni er á byrjunarstigi en viðtökur þeirra sem hafa tekið þátt lofa góðu. Um leið og verkefnið nýttist skjalasafninu, bætir leitarbærni og einfaldar

aðgengi að þeim skjölum sem þarna eru birt, er verkefnið hluti af stærra samtali milli sjálfboðaliða, íbúa, og starfsfólks safnsins. Verkefni sem þessi eru aðeins möguleg með hjálp og aðstoð sjálfboðaliða, þau geta rofið félagslega einangrun og haft heilsueflandi áhrif á þátttakendur.

Héraðsskjalasafnið fékk tvo verkefnastyrki til miðlunar á safnkostinum frá Þjóðskjalasafni Íslands, á skjölum Sýslunefndar Árnesinga og á skjölum hreppanna í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu en það verkefni er samvinnuverkefni Héraðsskjalasafns Árnesinga og Héraðsskjalasafns Rangæinga og Vestur-Skaftafellinga. Einn starfsmaður var verkefnaráðinn vegna þessara verkefna.

Starfsfólk býr nú yfir mikilli reynslu og þekkingu þegar kemur að skönnun, ljósmyndun, skráningu lýsigagna og miðlun á bæði ljósmyndum og skjölum úr safnkostinum. Enn á eftir að mynda mikinn fjölda skjala og setja á vef en forgangsraða verður skjölum í samræmi við stjórnsýslu- og menningarlegt mikilvægi þeirra. Þessi vinna nýtist einnig vel sem hluti af stafrænni gerð öryggisafrita á mikilvægum skjölum í safnkostinum, en unnið er að gerð lista yfir mikilvæg skjöl sem hluta af öryggis- og neyðaráætlan héraðsskjalasafnsins.

Skjalaskrár á vef

Skjalaskrár fyrir afhendingar frá 2001-2020 auk nokkurra afhendinga frá árunum 1982-1990 eru nú aðgengilegar á vef, leitarbærar og hægt að prenta þær út eða hlaða þeim niður. Skjalaskrárnar gera notendur meira sjálfbjarga en áður og þá hafa leiðbeiningar um leit og notkun verið endurskoðaðar. Þekking starfsfólks á safnkostinum er þó eftir sem áður lykillinn að skjölum í vörslu safnsins.

Birting skjalaskráa á vef nýtist um leið vegna fyrirspurna og erinda sem berast og hægt að vísa beint á skjalaskrár á vef og flýta og einfalda þar með afgreiðslu. Þá var unnið að QR kóða merkingum á skjölum eða skjalaeiningum og munu notendur innan skamms geta pantað öskjur á lestrarsal af vef skjalasafnsins.

Rannsóknir

Opinber skjalasöfn eiga að gangast fyrir rannsóknum á safnkostinum eftir því sem fjárheimildir leyfa á hverjum tíma auk þess að greiða fyrir rannsóknum með því að hafa skjöl til reiðu. Rannsóknarhugtakið er ekki skilgreint frekar. Við skráningu skjalasafna eru gerðar greinargerðir með hverju safni þar sem m.a. eru settar fram upplýsingar um skjalamyndara, stofnun eða einstakling, æviágrip, hlutverk stofnunar o.s.frv. auk ítarlegrar lýsingar á hverjum skjalaflokki. Í mörgum tilvikum eru þetta einu upplýsingarnar sem teknar hafa verið saman um viðkomandi einstakling eða þá um viðkomandi stofnun, sögu stofnunar, hlutverk hennar og þau skjöl sem þar hafa verið mynduð. Þótt greinargerðir séu ekki miklar að vöxtum eru þær engu að síður þýðingarmiklar sem fyrsta skref í frekari rannsóknum. Samhliða miðlun skjala á vef hefur starfsfólk einnig unnið að rannsóknum á safnkostinum og nýttast þessar rannsóknir við birtingu og gerð greinargerða sem fylgja þeim skjölum sem eru birt á vef.

Frá árinu 2018 hafa starfsmenn unnið að húsaskráningarverkefni á Eyrarbakka vegna verkefnisins Eyrarbakki verndar-svæði í byggð fyrir Sveitarfélagið Árborg ásamt Landformi landslagsarkitektum og arkitekt. Þessu verkefni lauk síðla árs og var húsaskráningin m.a. send á Minjastofnun. Magnús Karel Hannesson og Inga Lára Baldvinsdóttir fóru yfir skýrsluna af mikilli nákvæmni og lögðu til fjölda ljósmynda af húsum. Þetta er metnaðarfullt verkefni þar sem sögu um 150 húsa, eigendasögu, upphaflegri gerð þeirra og breytingum eru gerð skil.

Unnið að endurskráningu á verslunar-skjölum frá Eyrarbakka. Þorsteinn Tryggvi Másson héraðsskjalavörður.



Skjalaskrár fyrir
árin 2001-2020
eru aðgengi-
legar á vef

Samstarf, fundir og námskeið

Héraðsskjalasafn Árnesinga, Héraðsskjalasafn Akraness, Héraðsskjalasafn Kópavogs, Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar og Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu skrifuðu undir samstarfssamning í mars 2019. Markmið samningsins var að formfesta þá góðu samvinnu sem starfsfólk þessara héraðsskjalasafna hefur haft sín á milli gegnum árin og gera þessi skjalasöfn enn betur búin til þess að sinna þeim mörgu og krefjandi verkefnum sem þeim ber að sinna lögum samkvæmt.

Forstöðumenn og starfsmenn safnanna funduðu reglulega allt árið og voru í árslok sjóaðir í notkun fjarfundarbúnaðar. Strax í upphafi var ákveðið að starfsmenn skjalasafnanna legðu til ákveðinn tímafjölda á ársgrundvelli í formlegt samstarf og gætu þá nýtt sér vinnu teymisins til að bæta og halda betur utan um eigin verkferla og nálgun á hin ýmsu lög-bundnu verkefni og skyldur sem skjalasöfnin og sveitarfélögin eiga að uppfylla. Horft var sérstaklega til samvinnu á sviði langtíma vörslu rafræna skjala, þ.e. vinnu vegna tilkynninga og samþykkt á rafrænum gagnasöfnum í samræmi við reglur nr. 877/2020 sem leystu af hólmi eldri reglur um tilkynningu og samþykkt rafræna skjalavörslu og rafræna skráa og gagnagrunna afhendingarskyldra aðila. Þarna var horft sérstaklega til gerðar gátlista og verkferla.

Stærsta verkefnið sem söfnin réðust í var gerð rafrænnar eftirlitskönnunar sem söfnin sendu til afhendingarskyldra aðila hvert í sínu umdæmi. Til þess að þetta gengi eins vel fyrir sig og kostur var leituðu söfnin til Staðlaráðs Íslands og sóttu námskeið í innri úttekktum með hliðsjón af ISO 9011. Þetta námskeið var mikilvægt vegna þess að horft er til spurningalista, framkvæmdar eftirlitsheimsóknna og ráðgjafar með skjalavörslu afhendingarskyldra aðila.

Á vettvangi opinberra skjalasafna var nokkuð fjallað um aðfangastefnu einkaskjalasafna en fyrri þjóðskjalavörður hafði skipað sjö aðila í starfshóp til að vinna að tillögu um samkomulag um varðveislu einkaskjalasafna árið 2019. Tillaga starfshópsins var send til umsagnar og ljóst að sitt sýndist hverjum. Forstöðumaður gerði ásamt fimm öðrum forstöðumönnum ítarlegar athugasemdir við þessar hugmyndir. Héraðsskjalasafnið er þegar með sérstaka aðfanga-stefnu sem tók gildi í apríl 2017. Virða verður sjálfsákvörðunarétt sveitarfélaga og faglegt ákvörðunarvald héraðsskjalavarda en tillaga þessi felur í sér íhlutun um innri málefni sveitarfélaga umfram það sem lög kveða á um. Forræði og stefnumótun aðfanga einkaskjalasafna er einfaldlega hluti af starfskyldum héraðsskjalavarda og sjálfstæðs héraðsskjalasafns á hverjum stað. Þessar ákvarðanir eiga sér ekki stað í tómarúmi heldur í samtali við íbúa, félagsstarf og atvinnulíf. Bætt varðveisla og aðgengi að einkaskjalasöfnum tengist með beinum hætti starfsemi og rekstri héraðsskjalasafna og í því ljósi er líklega heillavænlegast að tryggja að öll sveitarfélög á landinu komi að rekstri héraðsskjalasafna.

Fundi opinberra skjalasafna, þ.e. héraðsskjalasafnanna og þjóðskjalasafns var frestað vegna Covid 19.

Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Árnesinga 2020

Rekstrartekjur	Skjalasafn 2020	Áætlun 2020	Skjalasafn 2019
Héraðsnefnd Árnesinga bs.	32.320.000	32.320.000	31.100.000
Sv. Árborg styrkur	1.400.000	1.400.000	1.350.000
Aðrar tekjur	18.346.350	7.150.000	9.829.007
Samtals:	52.066.350	40.870.000	42.279.007

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	37.213.204	32.500.000	31.452.956
Annar rekstrarkostnaður	12.848.159	7.820.000	7.850.996
Afskriftir	616.968	550.000	713.052
Samtals	50.678.331	40.870.000	40.017.004

Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1.388.019	0	2.262.003
-----------------------------------------------	-----------	---	-----------

Fjármunatekjur, (fjármunagjöld)

Vaxtatekjur og verðbætur	10.140	0	55.710
Vaxtagjöld	(607.122)	0	(552.692)
Samtals	(596.982)	0	(496.982)

Rekstrarniðurstaða ársins	791.037	0	1.765.021
---------------------------	---------	---	-----------

Úr samþykktum ársreikningi 2020.



Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Árnesinga 2020

2020/1 Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita. 9,20 hillumetrar – Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita, Davíð Sigurðsson byggingafulltrúi afhenti.

2020/2 Ferðafélag Árnesinga. 0,03 hillumetrar – Ferðafélag Árnesinga, Björg Halldórsdóttir afhenti.

2020/3 Einar Einarsson (6.3.1911-3.7.2011) og Eyrún Guðmundsdóttir (5.3.1921-10.1.2018), Dalsmynni. 0,06 hillumetrar – Guðmunda Ólafsdóttir afhenti.

2020/4 Þroskahjálpi á Suðurlandi. 0,36 hillumetrar – Harpa Dís Harðardóttir stjórnarmaður afhenti.

2020/5 Suðri, íþróttafélag fatlaðra á Suðurlandi. 0,03 hillumetrar – Harpa Dís Harðardóttir afhenti.

2020/6 Jón Jónasson (21.6.1861-11.11.1945). 0,03 hillumetrar – Logi Jónsson afhenti.

2020/7 Henry Skovgaard Jacobsen (15.2.1919-11.7.2015) og Inger Jacobsen (9.9.1923-28.3.2020). 0,46 hillumetrar – Guðmundur Eiríksson afhenti.

2020/8 Félag eldri borgara á Selfossi. 1,13 hillumetrar – Stjórn félags eldri borgara á Selfossi, Jón Dagbjartsson afhenti.

2020/9 Búnaðarfélag Hrunamanna. 1,66 hillumetrar – Búnaðarfélag Hrunamanna. Formaður þess, Þórunn Andrésdóttir Bryðjuholti, afhenti.

2020/10 Alviðrustofnunin, Héraðsnefnd Árnesinga bs. 0,03 hillumetrar – Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga bs., Kjartan Björnsson stjórnarmaður afhenti.

2020/11 Héraðsnefnd Árnesinga. 0,03 hillumetrar – Grímsnes- og Grafningshreppur afhenti.

2020/12 Rauðikrossinn á Íslandi, Árnesingadeild. 0,03 hillumetrar – Stefán A. Magnússon afhenti.

2020/13 Gestur Oddleifs Hallbjörnsson (15.8.1920-14.9.1990). 0,03 hillumetrar – Hrönn Auður Gestsdóttir afhenti.

2020/14 Kvenfélag Grímsnes. 0,25 hillumetrar – Sigríður Björnsdóttir afhenti.

2020/15 Bifreiðastjórafélagið Ökuþór. 0,06 hillumetrar – Eiríkur Þór Sigurjónsson afhenti.

2020/16 Kvenfélag Hveragerðis. 0,08 hillumetrar – Ágústa G. Sigurbjörnsdóttir afhenti.

2020/17 Ferðafélag Árnesinga. 0,20 hillumetrar – Magnea Ósk Magnúsdóttir afhenti.

2020/18 Gunnar Halldórsson (16.01.1925-15.05.2002) og Sigríður Guðjónsdóttir (25.01.1933-) Skeggjastöðum, ljósmyndir. 0,03 hillumetrar – Halldóra Gunnarsdóttir afhenti.

2020/19 Hjörtur Þórarinsson (10.2.1927-). 0,08 hillumetrar – Hjörtur Þórarinsson afhenti.

2020/20 Matthías Andrússon (22.8.1931-28.7.2005). 0,56 hillumetrar – Þórhallur Matthíasson afhenti.

2020/21 Selfoskaupstaður - ljósmyndir. 0,04 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg afhenti.

2020/22 Sigurjón Erlingsson (12.10.1933-). 0,03 hillumetrar – Sigurjón Erlingsson afhenti.

2020/23 Hreppstjórnin í Hveragerði. 0,03 hillumetrar – Björn Pálsson fyrrv. héraðsskjalavörður afhenti.

2020/24 Sigurður Ingólfur Sigurðsson (9.9.1909-17.3.1968) og Jóhanna Sigríður Eiríksdóttir (26.10.1909-6.2.1954), Dvergasteinum. 0,16 hillumetrar – Jóhanna Sigríður Harðardóttir afhenti.

2020/25 Veiðilagnir í Ölfusá og Hvítá og landaskiptagerðir. 0,03 hillumetrar – Baldur Hafstað afhenti.

2019/26 Guðmundur Guðmundsson (22.03.1845-07.09.1927), Hróarsholti. 0,05 hillumetrar – Birna Bertha Guðmundsdóttir afhenti.

2020/27 Héraðsnefnd Árnesinga. 0,34 hillumetrar – Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga bs., Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður afhenti.

2020/28 Skólaskrifstofa Suðurlands. 0,16 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.

2020/29 Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands. 6,62 hillumetrar – Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga, Alda Alfreðsdóttir afgreiðslufulltrúi afhenti.

2020/30 Hrunamannahreppur. 0,14 hillumetrar – Hrunamannahreppur afhenti.

2020/31 Hildur Einarsdóttir (01.02.1872-04.09.1946), Unhól. 0,03 hillumetrar – Hildur Reykdal afhenti.

2020/32 Gestur Eyjólfsson (11.5.1921-21.3.2000) og Halldóra Guðlaug Steindórsdóttir (7.2.1927-7.1.2007). 0,14 hillumetrar – Guðríður Gestsdóttir afhenti.

2020/33 Árni Guðmundsson (13.3.1926-10.2.2012) og Guðrún Bárðardóttir (8.1.1927-19.2.2010). 0,8 hillumetrar – Guðmundur Árnason afhenti.

2020/34 Anna Guðrún Bjarnardóttir (14.4.1933-29.9.2019). 0,06 hillumetrar – Jóhanna Sigríður Harðardóttir, Sæholt, Flóa afhenti.

2020/35 Leikskólinn Árbær. 1,48 hillumetrar – Leikskólinn Árbær, Harpa Dan Þorgeirsdóttir aðstoðarleikskólastjóri afhenti.

2020/36 Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings. 0,08 hillumetrar – Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings afhenti.

2020/37 Jón Árnason (23.10.1835-5.11.1912) og Jórunn Sigurðardóttir (17.9.1833-10.1.1921), Þorlákshafnarhjólin. 0,14 hillumetrar – Erla Bil Bjarnadóttir afhenti.

2020/38 Foreldrafélag leikskólanna í Hveragerði. 0,14 hillumetrar – Foreldrafélag leikskólanna í Hveragerði, Tryggvi Hjörtur Oddsson, afhenti.

2020/39 Flóaskóli. 3,48 hillumetrar – Flóaskóli, Gunnlaug Hartmannsdóttir skólastjóri afhenti.

2020/40 Villingaholtsskóli. 0,03 hillumetrar – Rósa Guðmundsdóttir afhenti.

2020/41 Árnesingaskrá. 0,05 hillumetrar – Guðmundur Tómasson og Guðrún Ásgeirsdóttir, Hamri, afhentu.

2020/42 Guðrún Ingibjörg Oddsdóttir (16.09.1899-19.08.1999) og Sigurjón Pétur Jónsson (17.09.1880-31.01.1951). 0,30 hillumetrar – Kristín Bragadóttir afhenti.

2020/43 Ungmennafélagið Hvöt. 0,14 hillumetrar – Anika Baecker afhenti.

2020/44 Bræðrafélagið á Eyrarbakka, Gestur káti. 0,06 hillumetrar – Alexander Ingimarsson afhenti.

2020/45 Leikskólinn Óskaland, Hveragerði. 1,69 hillumetrar – Leikskólinn Óskaland, Gunnvör Kolbeinsdóttir leikskólastjóri afhenti.

2020/46 Laugardalshreppur. 0,06 hillumetrar – Valgerður Sævarsdóttir afhenti.

2020/47 Sjúkrasamlag Laugardalshrepps. 0,03 hillumetrar – Valgerður Sævarsdóttir afhenti.

2020/48 Brunabótafélag Íslands, Laugardalshreppsumboð. 0,03 hillumetrar – Valgerður Sævarsdóttir afhenti.

2020/49 Húnboganevnd. 0,03 hillumetrar – Valgerður Sævarsdóttir afhenti.

2020/50 Héraðsskólinn á Laugarvatni. 0,06 hillumetrar – Valgerður Sævarsdóttir afhenti.

2020/51 Mímir, nemendafélag Menntaskólans á Laugarvatni. 0,03 hillumetrar – Þórunn Árnadóttir afhenti.

2020/52 Sigurbjörg Eyjólfsdóttir (01.01.1944-). 0,03 hillumetrar – Sigurbjörg Eyjólfsdóttir afhenti.

2020/53 Emma Kolbeinsdóttir (11.03.1923-03.07.2020). 0,03 hillumetrar – Guðrún Bergmann Vilhjálmsdóttir afhenti.

2020/54 Kolbeinn Eiríksson (16.04.1846-25.09.1913) og Jóhanna Bergsteinsdóttir (11.12.1844-16.08.1932), Hamarsheiði. 0,16 hillumetrar – Ástríður Björk Steingrimsdóttir afhenti.

2020/55 Hörður Björgvinsson (25.06.1940-). 0,08 hillumetrar – Hörður Björgvinsson afhenti.

2020/56 Grímsnes- og Grafningshreppur. 0,11 hillumetrar – Grímsnes- og Grafningshreppur afhenti.

2020/57 Reykjadalur í Hrunamannahreppi. 0,03 hillumetrar – Guðríður Þórarinsdóttir afhenti.

2020/58 Ábyrgðarsjóður opinna róðraskipa í Árnæssýslu. 0,06 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson safnstjóri afhenti.

2020/59 Björn Júlíusson (29.09.1924-16.04.2018). 0,08 hillumetrar – Ingibjörg Björnsdóttir afhenti.

2020/60 Árni Guðmundsson (13.3.1926-10.2.2012). 0,06 hillumetrar – Bárður Árnason afhenti.

2020/61 Soroptimistaklúbbur Suðurlands. 0,11 hillumetrar – Soroptimistaklúbbur Suðurlands, Brynhildur Geirsdóttir og Vígðís H. Guðmundsdóttir afhentu.

2020/62 Kirkjusöngbækur. 0,05 hillumetrar – Glúmur Gylfason, organisti emerítus afhenti.

2020/63 Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. 3,92 hillumetrar – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Alda Alfreðsdóttir afgreiðslufulltrúi afhenti.

2020/64 Leikskólinn Brimver Æskukot. 0,64 hillumetrar. Sigríður Birna Birgisdóttir leikskólastjóri afhenti.

2020/65 Leó Árnason (27.06.1912-11.02.1995), Ljón norðursins. 0,03 hillumetrar – Friðrik Brekkan afhenti.

2020/66 Áveitan. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélagið Þjótandi í Flóahreppi afhenti.

2020/67 Pési – Fréttabréf Hrunamannahrepps. 0,03 hillumetrar – Hrunamannahreppur afhenti.

2020/68 Hvatarblaðið. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélagið Hvöt, Grímsnesi afhenti.

2020/69 Bláskógafiréttir. 0,03 hillumetrar – Sveitarfélagið Bláskógabyggð afhenti.

2020/70 Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps. 0,03 hillumetrar – Skeiða- og Gnúpverjahreppur afhenti.

2020/71 Gaulverjaskóli. 0,03 hillumetrar – Flóaskóli, Gunnlaug Hartmannsdóttir skólastjóri afhenti.

2020/72 Eignarhaldsfélag Suðurlands. 1,44 hillumetrar – Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga, Alda Alfreðsdóttir afgreiðslufulltrúi afhenti.

2020/73 Sorpstöð Suðurlands. 4,0 hillumetrar – Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga, Alda Alfreðsdóttir afgreiðslufulltrúi afhenti.

Héraðsskjalasafn Árnesinga

myndasetur.is • heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is
Austurvegi 2 • 800 Selfoss • Sími 482 1259 • Kennitala 630189–2849

Afgreiðslutími: Mánudaga til föstudaga kl. 09:00 – 16:00
Miðvikudaga lokað



Stjórn safnsins:

Kjartan Björnsson, stjórnarfor-
maður

Gestur Þór Kristjánsson

Valgerður Sævarsdóttir

Starfsmenn safnsins:

Þorsteinn Tryggvi Másson, héraðsskjalavörður
thorsteinn@heradsskjalasafn.is

Guðmunda Ólafsdóttir, skjalavörður
gudmunda@heradsskjalasafn.is

F. Elli Hafliðason, skjalavörður
elli@heradsskjalasafn.is